

Lög

Nr. 16.

16. sept.

um

bráðabirgða verðhækkunartoll á útfluttum íslenskum afurðum.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru :

1. gr.

Auk útflutningsgjalds þess, er ræðir um í lögum nr. 16, 4. nóvember 1881, 10, 13. apríl 1894, 8, 6. mars 1896, 11, 31. júlí 1907 og 31, 22. október 1912, skal greitt útflutningsgjald af íslenskum vörum svo sem fyrir er mælt í þessum lögum.

2. gr.

Gjaldið skal miða við söluverð vörunnar með umbúðum fluttrar um borð í skip (fob) á þeirri höfn, er hún fyrst fer frá, eða söluverð erlendis (cif) að frádregnu flutnings- og ábyrgðargjaldi til útlanda svo og miðlaragjaldi.

3. gr.

Gjald þetta hvílir á allskonar fiski, lýsi, smjöri, ull, saltkjöti, kindargærum, sel-skinnum, hestum og sauðfje á fæti og einungis á þeim hluta söluverðsins samkvæmt 2. gr., sem fer fram yfir það verð, er nú skal greina:

1. á hverjum 100 kg. af fullverkuðum þorski kr. 58.00;
2. á hverjum 100 kg. af fullverkuðum smáfiski kr. 52.00;
3. á hverjum 100 kg. af fullverkaðri ýsu kr. 46.00;
4. á hverjum 100 kg. af fullverkaðri löngu kr. 55.00;
5. á hverjum 100 kg. af fullverkaðri keilu kr. 37.00;
6. á hverjum 100 kg. af fullverkuðum upsa 30.00;
7. á hverjum 100 kg. af fullverkuðum labradorfiski kr. 36.00;
8. á hverjum 100 kg. af fullverkuðum harðfiski kr. 72.00;
9. á hverjum 100 kg. af fullverkuðum blautfiski í ís eða frysti kr. 20.00;
10. á fiski upp úr salti telst gjaldfrjálst verð á hverri tegund 40 % lægra en á fullverkuðum fiski sömu tegundar.
11. á hverri tunnu (108—120 lítra) af síld kr. 20.00;

- Nr. 16. 12. á hverri tunnu (105 kg.) af meðalalýsi kr. 70.00;
 16. sept. 13. á hverri tunnu (105 kg.) af öðru lýsi kr. 30.00;
 14. á hverri tunnu (112 kg.) af saltkjöti kr. 78.00;
 15. á hverju kg. af þveginni hvítri vorull kr. 2.00;
 16. á hverju kg. af annari ull kr. 1.30;
 17. á hverju kg. af smjöri kr. 2.00;
 18. á hverju kg. af sauðargærum (miðað við þyngd á þeim ósöltuðum og óhertum) kr. 1.00.
 19. á hverju selskinni kr. 5.00.
 20. á sauðkindum á fæti hvert kg. í lifandi þyngd á kr. 0.40;
 21. á hverju hrossi kr. 120.00.

4. gr.

Gjaldið er 3 af hundraði af hinum gjaldskylda hluta vöruverðsins; skal það greitt áður en skip það, er tekur vöruna til flutnings, er afgreitt frá útflutningshöfn hennar, hvort sem skipið fer með vöruna til útlanda rakleitt eða til umskipunar í annari höfn innanlands. Lögreglustjórar innheimta gjaldið og fá í innheimtulaun 2 %. Skal gjaldið greiðast í peningum eða í ávísunum, er gjaldheimtumaður tekur gildar.

5. gr.

Sjerhver sá, er sendir af stað til útflutnings fyrnefndar vörur (sbr. 3. gr.) er skyldur að fá gjaldheimtumanni í hendur samrit eða staðfest endurrit af farmskrám þeim eða öðrum hleðsluskjölum, er skipinu fylgja. Svo er hann og skyldugur til að gefa skriflegt vottorð að viðlagðri æru og samvisku um vörumagnið og ef varan er þegar seld um söluverðið (sbr. 2. gr.) og söluskilmála.

6. gr.

Hafi lögreglustjóri grun um að rangt sje sagt til vörotegunda eða vörumagns í skipi, skal hann láta rannsaka farm skipsins áður en það er afgreitt frá höfn. Nú er gjaldskyld vara samkvæmt lögum þessum send burt óseld eða sá, er sendir, veit ekki söluverðið eða gjaldheimtumanni þykir skýrsla hans um söluverðið ófullnægjandi, skal þá gjaldheimtumaður uppkveða verðið sjálfur sem næst því er honum er kunnugt um verð á sömu vörotegundum samtímis og þó eigi lægra. Hafi sá er gjaldið greiðir innan 6 mánaða sannað með fullgildum söluskilríkjum, að verðið hafi verið tiltekið of hátt, fær hann endurgreitt það, er oftalið var af gjaldinu.

7. gr.

Nú hefir útflytjandi keypt af framleiðanda og selt aftur eina eða fleiri af vörotegundum þeim, sem nefndar eru í 3. gr., áður en lög þessi öðlast gildi, en er ekki búinn að senda þær frá sjer eða taka á móti þeim frá framleiðanda og á útflytjandi þá rjett á að draga frá kaupverðinu verðhækkunartoll þann, sem lög þessi gera ráð fyrir, að rjettu hlutfalli við verð það, er hann hefir keypt vöruna fyrir. Ef um fob sölu er að ræða gilda sömu reglur sem um annað útflutningsgjald, ef ekki er öðruvísi um samið.

8. gr.

Um viðurlög fyrir brot gegn lögum þessum fer eftir ákvæðum laga nr. 43, 2. nív. 1914.

9. gr.

Nr. 16.

Skip og farmur er að veði fyrir útflutningsgjaldinu. Með mál út af lögum þessum 16. sept. skal farið sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda til jafnlengdar 1917.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Skaganum, 16. september 1915.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Einar Arnórsson.